

ÚRBÓTAÁÆTLUN 2021 - 2022

Verkefni:	Markmið:	Leiðir:	Ábyrgð á framkvæmd:
Ánægja af lestri í 1.-5.bekk er undir landsmeðaltali	Auka ánægju barna af lestri þannig að skólinn nái landsmeðaltali hið minnsta.	Í skólanum sé til fjölbreyttur bókakostur. Bækur séu kynntar fyrir nemendum; nýjar bækur, bókaflökkar, bókaraðir. Fitja upp á hvetjandi verkefnum/áskorunum fyrir árganga, eins og drekaverkefnið. Horfa þess að í öllum stofum séu notalegir leskrókar. Miðla fræðslu milli árganga um hvað gengur vel. Ræða um markmið og leiðir varðandi yndislestur. Kynna og uppfæra lestrarstefnu skólans.	Bókasafnsvörður / skólastjóri Umsjónarkennarar / deildarstjórar Heimili Kynning lestrarstefnu á stigsfundum.
Ánægja barna í 6. -10. bekk af stærðfræði er undir landsmeðaltali	Auka ánægju af stærðfræði.	Fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsmat. Verklegr stærðfræði. Miðla aðferðum milli árganga og stiga.	Stærðfræðikennar / deildarstjórar
Nokkuð stór hópur nemenda segist stundum eða aldrei halda áfram þó að efnið sé erfitt.	Auk seiglu nemenda.	Vinna með grósku-hugarfar. Þróunarverkefni um leiðsagnarmat, áhersla á orðsræðu, sýnileg skilaboð. Endurgjöf stjórnenda til kennarar varðandi gróskuhugarfar og hvernig unnið er með það með nemendahópum. Verkefni um styrkingu og innleiðingu leiðsagnarnásm.	Allir kennarar Velferðarkennari / umsjónarkennarar / náms- og starfsráðgjafi Stjórnendur Jafningjafræðsla meðal kennara.
Foreldrar /forráðamenn telja að agi í skólanum sé ekki nægilegur.	Foreldrum / forráðamönnum þyki agi í skólanum nægilega mikill (nái amk landsmeðaltali)	Leita leiða til að fá foreldra í lið með skólanum til að vinna í agamálu. Fá hugmyndir um leiðir frá foreldrum. Viðbrögð við agabrotum þurfa að vera mjög skýr og öllum kunn. Reglurnar séu yfirfarnar til upprifjunar. Þeim sé framfylgt af öllum. Taka upp samræmda uppeldisstefnu í skólanum.	Skólastjórnendur / Foreldrafélag / foreldrar Kennarar og aðrir starfsmenn
Ábyrgð og hlutverk innan starfsmannahópsins er ekki alltaf nægilega skýrt.	Allir starfsmenn viti til hvers sem af þeim er ætlað. Verksvið sé skýrt.	Verklýsingar þurfa að vera sýnilegri og skýrar fram settar og aðeggnilegar öllum t.d. á starfsmannasíðu.	Stjórnendur
Kennurum finnst korta stuðning vegna nemenda með náms- og hegðunarerfiðleika.	Kennarar upplifi nægilegan stuðning vegna náms- og hegðunarerfiðleika.	Líta til þess hvernig sérkennsla er hugsuð; nemendur geti fengið stuðning í fleiri námsgreinum en íslensku og stærðfræði. Aukin samþætting námsgreina og áhersla á að bjóða upp á mismunandi útfærslur í verkefnum. Sérkennarar vinni með einum árgangi og séu hluti af teymi. Það myndi einfalda skipulag og utanumhald um nám allra nemenda í árgangnum. Deildarstjórar styðji kennara í úrvinnslu agamála. Nýta sérfræðipjónustu og fá aðstoð og leiðsögn í erfiðum málum.	Stjórnendur /deildarstjórar/kennarar
Kennarar hafa nýtt mun færri daga til símenntunar en samanburðarhópar yfir landið	Kennarar nýti fleiri daga til símenntunar á næsta skólaári.	Auka jafningjafræðslu. Kennarar miðli sín á milli t.d. fróðlegum námskeiðum eða lesefni. Reynt sé að koma því við á starfsdögum að kennarar segi frá verkefnum sem þeir eru að vinna eða öðru áhugaverðu sem þeir hafa rekist á. Sett sé upp Teams-svæði þar sem starfsfólk / kennarar setja inn ábendingar um áhugaverð námskeið, kennsluefni, fyrirlestra eða annað sem þeir telja að geti nýst öðrum.	Stjórnendur / kennarar

		Markviss skráning á símenntun hver kennara.	
Starfsfólki finnst að rækta mætti mannauð betur og stuðningur frá næsta yfirmanni sé ekki nægilegur.	Auka þarf starfsnánægju á vinnustaðnum.	Stjórnendur þurfa að hlusta á það sem starfsfólk segir og hugmyndir þeirra: Samtalið skiptir máli. Hvetja teymi til að gera sér glaðan dag t.d. á starfsdögum til að þetta raðirnar. Deildarstjórar vinni erfið mál með kennurum. Stjórnendur gefi sig að starfsmönnum og hugi að líðan þeirra, sérstaklega þegar erfið mál eru í vinnslu. Stjórnendur sjáist meira á vettvangi og séu meðvitaðir um hvað verið er að vinna með á hverjum stað. Þannig geta þeir hvatt starfsfólk til dáða og hrósað þegar það á við.	Stjórnendur /deildarstjórar